

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003.

#### 1. gr.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003, er öðlist gildi 1. janúar 2024.

#### 2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:  
Hver lítri á mínútu kostar kr. 64.098,48 á ári, án fastagjalds, auðlindaskatts og virðisaukaskatts.  
Notendur sem kaupa 4 l/mín, eða minna greiða einnig fastagjald kr. 28.786,20 á ári, auk auðlindaskatts og virðisaukaskatts.

#### 3. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:  
Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 208,10 fyrir rúmmetra vatns auk auðlindaskatts og virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

#### 4. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:  
Stofngjöld fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs eru sem hér segir:

a) fyrir lögbyli	kr.	3.134.816
b) fyrir íbúðarhús	kr.	829.779
c) fyrir sumarhús	kr.	584.897
d) fyrir aðra aðila	kr.	207.997 pr. l/mín

Lágmarksinntak er 2,5 l/mín.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 11. desember 2023.*

F. h. r.  
**Ólafur Darri Andrason.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*